

gerðartími bifreiðarinnar hæfilega talinn 10 dagar, og ber því að miða afnotamissi bifreiðarinnar við þann tíma. Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, og með hliðsjón af atvinnutekjum bifreiðarstjóra, sem dómurinn hefur kynnt sér, þykir atvinnutjón stefnanda hæfilega ákveðið kr. 200,00 á dag eða samtals kr. 2.000,00, og ber að dæma stefndan til að greiða það í sömu hlutföllum og áður greinir, eða kr. 1.500,00.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefndan til þess að greiða stefnanda kr. 3.311,10. Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 817,00. Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, ásamt Vilhjálmi Jónssyni bifvélavirgjerðarmeistara og Hreiðari Jónssyni bifvélavirkjameistara.

#### Dómsorð :

Stefndur, h/f Shell á Íslandi, greiði stefnanda, Sigurði Eyvald, kr. 3.311,10 auk 6% ársvaxta frá 11. des. 1951 til greiðsludags og kr. 817,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1954.

Nr. 140/1951. **Helgi Lárusson** (Theodór B. Líndal)  
gegn

**Sambandi íslenzkra samvinnufélaga**  
(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Innsetningarmál. Deilt um eignarrétt að fergju. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. september 1951, gerir þessar kröfur:

#### *Aðalkrafa:*

Að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

*Varakrafa:*

Að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um framgang gerðarinnar, ef áfrýjandi vinnur eið að því, að fergja sú, sem í málinu greinir, hafi verið pöntuð fyrir hann af Árna G. Eylands og að áfrýjandi hafi tekið við henni í samræmi við þá pöntun, enda verði stefnda dæmt að greiða málskostnað, svo sem í aðalkröfu segir.

Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Á árinu 1945 var Árni G. Eylands formaður Verkfæranefndar ríkisins, sem stofnuð hafði verið með lögum nr. 64/1940, og í fyrirsvari fyrir hana. Verkfæranefnd fer samkvæmt V. kafla laga nr. 54/1942 með stjórn hins svonefnda Vélasjóðs, sem m. a. skal annast kaup á jarðræktarvélum. Árni G. Eylands annaðist á árinu 1945 pöntun frá Bandaríkjunum á ýmsum vélum og verkfærum handa Vélasjóði. Sér til aðstoðar við pöntun þessa hafði hann Berg Lárússon, bróður áfrýjanda og samstarfsmann hans. Samkvæmt vætti þeirra Árna og Bergs færði Bergur það í tal við Árna, hvort hann vildji panta ásamt vélum handa Vélasjóði einnig fergju, „Hydraulic Arbor Press“, sem áfrýjandi þarfnaðist handa fyrirhuguðu verkstæði sínu. Varð Árni G. Eylands við þessum tilmælum og kveðst hafa lofað að útvega fergjuna handa áfrýjanda. Á þeim tíma var Árni deildarstjóri hjá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, stefnda í máli þessu. Lét Verkfæranefnd stefnda annast vélakaup fyrir sig í Bandaríkjunum og innflutning þeirra. Árni gerði nú reka að því, að nefnd fergja, „70 tons Hydraulic Arbor Press nr. 97403“, var keypt í Bandaríkjunum. Kom fergjan til Íslands hinn 6. desember 1945 með e/s Mooring Hitch, og kveðst Árni hafa séð um tollafgreiðslu á henni hinn 27. desember 1945. Nú gerðist það, að Árni lét af öllum störfum fyrir Verkfæranefnd og fyrir stefnda, Samband íslenzkra samvinnufélaga, um áramótin 1945 og 1946, en svo tókst til, að hann lét hvorki eftir hjá Verkfæranefnd né í Sambandinu skýrslur eða gögn um, að fergjan væri pöntuð handa áfrýjanda og honum lofuð.

Áður en frekar er rætt um afdrif fergjunnar, þykir verða

að skýra frá því, að Verkfæranefnd hafði á árunum 1945 og 1946 og fram á árið 1947 á leigu hjá áfrýjanda birgðaskála á Kópavogshálsi. Hafði Verkfæranefnd ein lykla að þessum skála. Auk þess geymdi áfrýjandi vélar og verkfæri fyrir sig og Verkfæranefnd í öðrum skála á Kópavogshálsi svo og í skála í Baldurshaga. Að þessum tveimur skálum hafði áfrýjandi lykлавöld, en starfsmenn Verkfæranefndar fengu lykla lánaða hjá áfrýjanda, er þeir þurftu að fara í skálana.

Um fergjuna er það nú að segja, að hinn 11. febrúar 1946 var gefinn út af hendi stefnda, sem hana hafði flutt inn, afgreiðsluseðill fyrir henni og „debetnóta“ til Verkfæranefndar fyrir andvirði hennar, kr. 4.342,00. Hinn 16. febrúar 1946, að því er virðist, kom síðan nafngreindur starfsmaður áfrýjanda á skipaafgreiðslu þá, þar sem fergjan var geymd, og framvísaði afgreiðsluseðlinum frá stefnda. Ekki er í ljós leitt, hver afhenti áfrýjanda eða starfsmanni hans afgreiðsluseðilinn, en þáverandi verkfæranefndarmenn segjast ekki hafa gert það. Veitti starfsmaðurinn fergjunni viðtöku og flutti hana í birgðaskálann að Baldurshaga.

Áfrýjandi segist strax hafa tekið við fergjunni sem sinni eign, flutt hana sem sína eign í geymsluskálann í Baldurshaga og geymt hana þar, unz hið nýja verkstæðishús hans á Kópavogshálsi var komið upp 1948. Þá hafi hann flutt fergjuna þangað og tekið hana í notkun. Andvirði hennar kveðst hann vilja skuldajafna við leigu, sem Verkfæranefnd eigi enn ógreidda honum eftir skála þann á Kópavogshálsi, sem Verkfæranefnd leigði og hafði lykлавöld að. Segist áfrýjandi hafa samið við Árna G. Eylands um 300 króna mánaðarleigu eftir skála þennan í marz 1945, og hafði Verkfæranefnd notað skálann, þangað til hún flutti muni sína þaðan í apríl 1947.

Sigurður Kristjánsson, sem var framkvæmdarstjóri Verkfæranefndar frá 1. apríl 1946 til 1. janúar 1951, skýrir svo frá, að hann hafi engin gögn séð til sönnunar því né vitað það á annan hátt, að fergja sú, sem í málinu greinir, væri eign áfrýjanda. Hins vegar hafi legið í skjalamöppu Verkfæranefndar „debetnóta“ frá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga fyrir fergjunni, en er Sigurður tók við fyrirsvari

Verkfæranefndar, var fergjan komin í vörzlur áfrýjanda, svo sem áður segir. Hinn 11. nóvember 1946 ákvað Verkfæranefnd að selja Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, stefnda í málinu, vélar og verkfæri, sem pöntuð höfðu verið handa Vélasjóði, og hinn 30. desember 1946 gaf stefndi út „kreditnótu“ handa Verkfæranefnd fyrir fergjunni. Fergjan var á þessum tíma geymd í birgðaskála áfrýjanda í Baldurshaga. Þar voru einnig geymd ýmis verkfæri og vélar Vélasjóðs, sem stefnda voru framseld. Næst verður það, að menn stefnda eru á árinu 1947 sendir á vörubíl að Baldurshaga til að sækja verkfæri þau og vélar, sem Verkfæranefnd hafði selt stefnda og geymd voru í skála áfrýjanda. Sendimenn fengu lykla hjá áfrýjanda og héldu síðan að Baldurshaga. Tóku þeir vélar og verkfæri öll, sem þeir töldu stefnda eiga, að fergjunni undanskilinni, en henni kveðast þeir ekki hafa komið á bilinn. Var fergjan síðan áfram í vörzlum áfrýjanda, en þess er að geta, að stefndi hafði engan rétt til geymslu í skálanum að Baldurshaga og Verkfæranefnd hafði slíkan rétt ekki eftir árslok 1946.

Áfrýjandi notaði fergjuna á verkstæði sínu í Kópavogi frá því á árinu 1948 sem sína eign, svo sem sagt var. Af hendi stefnda var ekkert hirt um fergjuna, unz komið var fram á árið 1950. Þá tóku menn stefnda að spyrjast fyrir um hana. Eftir nokkra eftirgrennslan komust þeir að því, hvar hún var niður komin, og kröfðu áfrýjanda um hana, en hann tjáðist vera eigandi hennar og setti syn fyrir afhendingu hennar. Sneru fyrirsvarmenn stefnda sér þá til fógeta og kröfðust innsetningargerðar á hendur áfrýjanda. Tók fógeti þá kröfu til greina með hinum áfrýjaða úrskurði, en ekki hefur sú innsetningargerð verið framkvæmd.

Það er óumdeilt í málinu, að Árni G. Eylands hafi á árinu 1945 pantað fergjuna handa áfrýjanda og lofað honum, að fergjan skyldi afhent honum til eignar, er hún kæmi til landsins, en Árni var, er hann gaf áfrýjanda loforðið, bæði fyrirsvarmaður Verkfæranefndar og deildarstjóri í Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, stefnda hér fyrir dómi.

Árni pantaði fergjuna í Bandaríkjunum á vegum Sambandsins til efnda á loforði sínu til áfrýjanda. En aldrei hafði

komið til tals, að Vélasjóður fengi slíka fergju til sinna þarfa. Samkvæmt þessu öðlaðist áfrýjandi hlutbundinn rétt til kaupa á fergjunni bæði gegnt stefnda og Verkfæranefnd.

Þar sem áfrýjandi fékk fergjuna í hendur og hélt vörzlum hennar, gátu fyrirvarsmenn Verkfæranefndar og stefnda ekki með samningum, þótt í grandleysi væru gerðir, útrýmt rétti áfrýjanda samkvæmt traustnámsreglum. En fyrirvarsmönnum Verkfæranefndar var ekki ljóst, er áfrýjanda voru fengnar vörzlur fergjunnar, að hann hafði kauparétt til hennar, og verður því afhendingin ekki skoðuð sem merki þess, að áfrýjandi fengi greiðslufrest á andvirði hennar. Þurfa nefndir fyrirvarsmenn því ekki að sætta sig við, að áfrýjandi bjóði fram umdeildar leigukröfur til skuldajafnaðar við andvirði fergjunnar. En þar sem áfrýjandi hefur ekki verið krafinn um andvirði fergjunnar og honum þannig gefinn kostur á því að greiða það ásamt vöxtum, verður hún nú ekki tekin með fógetavaldi úr hendi hans, þótt ógreidd sé enn. Samkvæmt því, sem að framan greindi, ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Dómsorð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Hvor aðilja ber sinn málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Sératkvæði

**Jóns Ásbjörnssonar hrd. og Þórðar Eyjólfssonar hrd.**

Árið 1945 var Árni Eylands, nú stjórnarráðsfulltrúi, deildarstjóri fyrir véladeild stefnda, Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Í marz mánuði nefnt ár var hann staddur í Chicago og pantaði þá fyrir hönd stefnda frá amerísku verzlunarfyirtæki fergju þá, sem í máli þessu greinir. Staðfesti stefndi pöntunina í bréfi til fyirtækisins, dags. 16. marz 1945. Á þessum tíma átti Árni Eylands sæti í Verkfæranefnd ríkisins, er stofnuð hafði verið samkvæmt 18. gr. laga nr.

64/1940, en nefnd þessi hafði á hendi stjórn Vélasjóðs ríkisins undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 38/1943. Var fyrrgreind fergja pöntuð í því skyni, að stefndi afhenti hana síðar Vélasjóði til eignar, enda pantaði stefndi samtímis, að því er virðist fyrir tilhlutun Árna Eylands, ýmis önnur verkfæri og tæki, sem Vélasjóði voru ætluð.

Umrædd fergja kom hingað til lands hinn 6. desember 1945, og samtímis eða litlu síðar komu önnur tæki, sem ganga áttu til Vélasjóðs. Var innflutningur fergjunnar og annarra tækja að öllu leyti á vegum stefnda, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sem einnig annaðist greiðslu þeirra.

Í flutningi máls þessa hefur Árni Eylands lýst því, að til efni þess, að umrædd fergja var pöntuð, hafi verið það, að Bergur Lárusson, bróðir áfrýjanda, hafi árið 1944 beðið hann að útvega þeim bræðrum slíka fergju í verkstæði þeirra. Eins og áður getur, var fergjan ekki pöntuð á nafn áfrýjanda, Helga Lárussonar, og ekki var heldur gert ráð fyrir því, að hann fengi hana beint frá stefnda, heldur var tilætlun Árna, að Vélasjóður seldi áfrýjanda fergjuna, þegar sjóðurinn væri orðinn eigandi hennar. Um áramótin 1945—1946 lét Árni af störfum hjá stefnda og fór þá jafnframt úr Verkferanefnd og stjórn Vélasjóðs. Var fergjan þá enn í eign stefnda og geymd í afgreiðsluhúsi Eimskipafélags Íslands. Lét Árni þess þá ekki að neinu getið, hvorki við stefnda né samnefndarmenn sína í Verkferanefnd, að hann hefði fyrirhugað sölu á fergjunni til áfrýjanda. Hafa menn þeir, sem á þessum tíma áttu sæti í Verkferanefnd með Árna, vottað það, að þeim hafi verið ókunnugt um, að nefnd fergja hafi verið ætluð áfrýjanda til kaups. Þá hefur og framkvæmdarstjóri Vélasjóðs, sem tók við framkvæmdarstjórn 1. apríl 1946, en áður hafði enginn framkvæmdarstjóri verið ráðinn, borið það sem vitni í málinu, að hann hafi engin gögn séð fyrir því hjá Vélasjóði né vitað um það á annan hátt, að fergjan hafi verið ætluð áfrýjanda.

Hinn 11. febrúar 1946 tilkynnti stefndi Verkferanefnd, að hann hefði fært henni umrædda fergju til skuldar. Jafnframt gaf stefndi út afgreiðsluseðla til Verkferanefndar fyrir fergjunni og fleiri tækjum til Vélasjóðs. Á þessum tíma hafði

Verkfæranefnd á leigu geymslurúm í herskála, sem áfrýjandi átti á Baldurshaga. Hafði áfrýjandi einnig afnot af skálanum og lykla að honum, en Verkfæranefnd galt áfrýjanda leigugjald fyrir þann hluta skálans, sem hún hafði til afnota. Voru ofangreind tæki Vélasjóðs, þar á meðal fergjan, flutt í skálann, og annaðist áfrýjandi flutninginn fyrir nefndina.

Hinn 11. nóvember 1946 gerði Verkfæranefnd á fundi sínum samþykkt um að afhenda stefnda aftur til eignar umræddar vélar og verkfæri. Samþykkti stefndi þetta og tilkynnti nefndinni hinn 30. desember 1946, að hann hefði fært henni til tekna andvirði tækja þessara, og var oftnefnd fergja þar með talin. Er stefndi flutti tæki þessi burt úr herskál-anum árið 1947, varð fergjan eftir. Kveður stefndi það hafa stafað af því, að ekki var unnt að lyfta henni á bíl með hand-afli.

Á árinu 1948 flutti áfrýjandi fergjuna burt úr herskál-anum og í vélaverkstæði sitt á Digraneshálsi. Ekki tilkynnti hann þetta fyrirvarsmönnum Vélasjóðs né stefnda og bauð ekki fram greiðslu. Leið svo fram á árið 1950, er stefndi hóf að gera gangskör að því að sækja fergjuna. Varð hann þess þá var, að hún hafði verið flutt burt úr herskál-anum, og komst hann síðar að raun um, hvar hún var niður komin. Með því að áfrýjandi neitaði að afhenda fergjuna, krafðist stefndi þess hinn 17. marz 1951, að honum yrði afhent fergjan með innsetningargerð.

Stefndi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, reisir kröfu sína á því, að hann hafi öðlzt eignarrétt að fergjunni með fyrrgreindri samþykkt Verkfæranefndar hinn 11. nóvember 1946 og haldið eignarréttinum óskertum síðan.

Áfrýjandi, Helgi Lárusson, telur hins vegar, að þegar Vélasjóður eignaðist fergjuna, hafi Verkfæranefnd verið bundin við fyrirheit Árna Eylands um sölu hennar til áfrýjanda. Þá telur hann og, að í flutningi fergjunnar í herskál-ann hafi falizt afhending til sín. Hafi hann með þessum atvikum orðið eigandi fergjunnar.

Eins og að framan hefur verið rakið, er það komið fram í málinu, að stefndi, Samband íslenzkra samvinnufélaga,

flutti í öndverðu margnefnda fergju til landsins og að hún var þá í eigu hans. Hinn 11. febrúar 1946 afhenti stefndi Vélasjóði fergjuna til eignar og skuldaði sjóðinn eða Verkfæranefnd fyrir andvirðinu. Er því ljóst, að fergjan hefur verið í eign Vélasjóðs, þegar hún var flutt í herskálann í febrúarmánuði 1946. Sú fyrirætlun Árna Eylands, að Vélasjóður seldi áfrýjanda fergjuna, kom aldrei til framkvæmdar. Árni var farinn úr Verkfæranefnd og stjórn Vélasjóðs, áður en fergjan komst í eigu sjóðsins, og hvorki skýrði hann samnefndarmönnum sínum frá fyrirhugaðri sölu hennar til áfrýjanda né skildi eftir skýrslu eða gögn þar um. Verkfæranefnd og Vélasjóður eru opinberar stofnanir, og er sala véla eða verkfæra til einstaklinga ekki á verksviði þeirra, sbr. lög nr. 64/1940 og lög nr. 38/1943, er í gildi voru, þegar atvik máls þessa gerðust. Í Verkfæranefnd var sala á oftnefndri vél til áfrýjanda aldrei borin upp, rædd eða samþykkt, og varð nefndin því aldrei á nokkurn hátt bundin gagnvart áfrýjanda. Flutningur fergjunnar ásamt öðrum tækjum Vélasjóðs í geymslurúm það í herskálannum á Baldurshaga, sem Verkfæranefnd hafði á leigu, getur á engan hátt talizt afhending á fergjunni til áfrýjanda. Næst gerist svo það, að Verkfæranefnd afsalar stefnda, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, eignarrétti að fergjunni með lögmætri fundarsamþykkt hinn 11. nóvember 1946. Var stefndi samkvæmt því eigandi fergjunnar, er áfrýjandi flutti hana í verkstæði sitt árið 1948, enda getur hvorki það atvik, að stefndi skildi fergjuna eftir í herskálannum árið 1947, né heldur flutningur fergjunnar úr herskálannum árið 1948, sem gerður var einhliða af áfrýjanda, breytt neinu um eignarréttinn. Og með því að ekki er komið fram, að eignarréttur að fergjunni hafi eftir það gengið úr höndum stefnda, ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um framkvæmd innsetningargerðar svo og málskostnaðarákvæði hans.

Eftir þessum úrslitum telst rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Dómsorð okkar verður því þannig:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Helgi Lárusson, greiði stefnda, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

## Úrskurður fúgetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu

14. júlí 1951.

Árið 1951, laugardaginn 14. júlí, var í fúgetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í réttarsal embættisins af fulltrúa sýslumanns, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn úrskurður í framan- greindu máli, sem tekið var til úrskurðar 6. júlí síðastliðinn.

Með beiðni, dags. 17. marz sl., fór gerðarbeiðandi, Samband íslenzkra samvinnufélaga í Reykjavík, þess á leit að fá aðstoð fúgeta til að taka „hydrauliska“ pressu úr vörzlum gerðarþola, Helga Lárussonar, en pressa þessi er í vélaverkstæði hans (Sunnu h/f) á Digraneshálsi. Gerðarþoli bar fram mótmæli gegn framkvæmd gerðarinnar, en aðiljar lögðu síðan ágreining þennan undir úrskurð fúgetaréttarins. Hvor aðili um sig hefur krafizt greiðslu hæfilegs málskostnaðar úr hendi gagnaðilja.

Málavextir eru þessir:

Á árunum 1945 og 1946 flutti Samband ísl. samvinnufélaga inn fyrir Verkfæranefnd ríkisins og Vélasjóð talsvert af vélum og áhöldum, sem virðist einkum hafa verið ætlað fyrirhuguðu verkstæði Vélasjóðs. Meðal annars kom til landsins með e/s Mooring Hitch 6. des. 1945 svokölluð „hydraulisk“ pressa („70 tons Hydraulic Arbor Press“, verksmiðjunúmer 97403) frá Dake Engineering Co. í Bandaríkjunum, og er þetta tækið, sem fúgetaréttarmálið snýst um. Á farmskírteini skipsins til afgreiðslu Eimskipafélags Íslands var umrædd pressa send á nafn Sambands ísl. samvinnufélaga, Reykjavík, og merkt S.Í.S., Reykjavík, No. 2. Er þetta gerðist, var formaður Verkfæranefndar ríkisins Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi, en hann hafði með höndum alla framkvæmdarstjórn fyrir Vélasjóð, með því að þá var ekki neinn sérstakur framkvæmdarstjóri.

Hafði Árni pantað ýmsar vélar og verkfæri fyrir Vélasjóð til að nota í vélaverkstæði, sem ráðgert var að koma á laggirnar. Þá pantaði Árni og umrædda pressu og kveðst hafa gert það fyrir gerðarþola, Helga Lárusson, og ætlað honum pressuna.

Hins vegar bar Árni þetta ekki undir meðnefndarmenn sína í Verkfæranefnd né lét þá neitt um það vita og lét þess ekki heldur neins staðar við getið, svo að séð verði, í sambandi við pöntun þessa, enda tekur Árni fram í vitnaframburði í málinu, að þeir, sem stjórnúðu Verkfæranefnd, hafi ekki gert ráð fyrir umsvifameiri verkstæðisrekstri á vegum Vélasjóðs en svo, að þeir töldu ekki rétt

að festa peninga í það dýrum verkfærum, sem umrædd pressa var á þeim tíma, en kaupverð hennar reyndist kr. 4.342,00.

Um áramótin 1945—1946 lét Árni G. Eylands af störfum fyrir Verkfæranefnd og Vélasjóð, og kom nýr maður í hans stað í Verkfæranefnd, en frá 1. apríl var síðan ráðinn sérstakur framkvæmdarstjóri fyrir Vélasjóð.

Hinn 11. febrúar 1946 er gefinn út afgreiðsluseðill á umrædda pressu, og þá virðist hún hafa verið tekin á afgreiðslu Eimskips ásamt ýmsum áhöldum og vélahlutum tilheyrandi Verkfæranefnd ríkisins og það flutt í braggageymslu, sem bæði gerðarþoli og Verkfæranefnd eða Vélasjóður virðast hafa haft umráð yfir og afnot af.

Sá maður, sem kvittaði hjá afgreiðslu Eimskips fyrir móttöku pressunnar, var starfsmaður gerðarþola og hefur mætt sem vitni í máli þessu. Ekki mundi hann sérstaklega eftir þessu stykki, en taldi þó vafalaust, að hann hefði flutt pressuna ásamt fleiru af vélahlutum og áhöldum tilheyrandi Verkfæranefnd, sem hann hafði kvittað fyrir í sama skipti, enda hefði hann oft flutt vörur í geymslu Helga Lárussonar, sem vitnið taldi, að ýmist hafi verið eign Helga eða Verkfæranefndar, og vitninu var kunnugt um, að Verkfæranefnd hafði geymsluþláss á leigu hjá Helga.

Hinn 11. nóv. 1946 var á fundi Verkfæranefndar ríkisins samþykkt að gefa eftir samkv. ósk S.Í.S. þær vélar og verkfæri, sem Verkfæranefnd hefði pantað í fullkomið vélaverkstæði. Síðan gefur S.Í.S. út „kreditnótu“ fyrir vélum þessum, og er hún dagsett 30. des. sama ár. Meðal þeirra véla, sem upp eru taldar á nótu þessari, er umrædd „hydraulisk“ pressa og tilfært sama verð og á afgreiðsluseðlinum, kr. 4.342,00, en alls er upphæðin fyrir vélar þessar kr. 6.379,50.

Skömmu síðar mun S.Í.S. hafa tekið þessa muni í vörzslur sínar, en þeir höfðu verið geymdir í bragga, sem er eign gerðarþola á Digraneshálsi. Hins vegar segir gerðarbeiðandi, að „hydrauliska“ pressan hafi orðið eftir, vegna þess að henni hafi ekki orðið komið upp á vörupall á bíl öðruvísi en með sérstökum tækjum, vegna þess hve þung hún var.

Gerðarþoli eða fyrirtæki hans reisti nýtt vélaverkstæði á Digraneshálsi (Kópavogshálsi), og þegar húsasmíðinni var lokið árið 1948, var umdeild „hydraulisk“ pressa flutt þangað og tekin til notkunar þar.

Ekki virðist S.Í.S. eða Verkfæranefnd hafa haft neina vitneskju um þetta, og haustið 1950 var farið að grennslast eftir, hvar pressan væri niður komin, því að ætlunin mun hafa verið að setja hana þá upp á vélaverkstæði S.Í.S. Eftir nokkra eftirgrennslan komst gerðarbeiðandi að því, að gerðarþoli hafði tekið pressuna og neitaði nú að láta hana af hendi við S.Í.S., og sneri gerðarbeiðandi sér þá til fógeta um aðstoð.

Það skal tekið fram, að gerðarþoli hefur ekki enn greitt eða gert upp andvirði pressunnar, og þær leiguupphæðir, sem hann hefur

bent á í því skyni, geta ekki talizt fullnægjandi greiðsluframboð, sízt á þeim tíma, sem greiðsla hefði átt að fara fram eftir venju- legum viðskiptareglum.

Fógetinn verður að líta svo á, að Árni G. Eylands hafi ekki hagað svo pöntun og innflutningi umræddrar pressu til handa gerðarþola, Helga Lárussyni, að það gæti skapað honum rétt til að taka pressuna sem sína eign, eins og hann gerði, og án þess að gera þá neinar ráðstafanir til greiðslu andvirðisins.

Ekki verður betur séð en flutningur pressunnar af afgreiðslunni og geymsla hennar í bragga, sem Vélasjóður hafði afnot af, hafi hvort tveggja farið fram á vegum Vélasjóðs og ekkert þar, sem bent gæti til, að eignaryfirfærsla eða afhending til eignar fyrir gerðarþola gæti legið í þeim ráðstöfunum.

Stjórn Verkfæranefndar hafði réttmæta ástæðu til að telja umrædda pressu eign Vélasjóðs, þar sem sami háttur var á hafður að öllu leyti um innflutning og greiðslu sem á öðrum vélainnflutningi til Vélasjóðs og nefndinni ókunnugt um, hvað Árni G. Eylands hafði ætlazt til í því efni.

Auk þess verður að álíta, að Árni G. Eylands hafi eigi getað sem formaður Verkfæranefndar gert þannig bindandi ráðstafanir á kostnað Vélasjóðs fyrir aðra, óviðkomandi rekstrinum, án þess að bera það undir meðnefndarmenn sína til samþykktar, einkum þegar upplýst er, að forráðamenn Vélasjóðs töldu ekki rétt að festa peninga í það dýrum verkfærum, sem umrædd pressa var á þeim tíma.

Það verður því að fallast á, að Verkfæranefnd ríkisins hafi réttilega talið umrædda pressu eign Vélasjóðs og því getað ráðstafað henni eins og nefndin gerði og gerðarbeiðandi þannig öðlazt lög- mæta eignarheimild að pressu þessari.

Fyrir því ber að leyfa framgang gerðarinnar á ábyrgð gerðar- beiðanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu skal gerðarþoli greiða gerðarbeið- anda málskostnað með kr. 500,00.

#### Því úrskurðast:

Umbeðin innsetningargerð skal ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Helgi Lárusson, greiði gerðarbeiðanda, Sambandi ísl. samvinnufélaga, kr. 500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.